

From: Gísli Guðni Hall
Date: þriðjudagur, 9. maí 2017 kl. 21:38
To: Ólafur Ólafsson
Subject: FW: Ósk um aðgang að gögnum

Sæll Ólafur,

Ég framsendi þér hér tölvupóst dags. 3. apríl 2017, þar sem ég óskaði eina ferðina enn eftir því við rannsóknarnefnd Alþingis, þ.e. Kjartan Bjarna Björgvinsson, að þú fengir aðgang að gögnum rannsóknarnefndarinnar. Þetta var rétt eftir að nefndin skilaði skýrslunni. Meðan á málsmeðferðinni stóð var ítrekað óskað eftir hinu sama en án árangurs. Áður en ég sendi þennan tölvupóst átti ég samtali við Kjartan í síma, sem vitnað er til í póstinum. Kjartan svaraði ekki þessu erindi mínu.

Kveðja,
Gísli Hall, hrl.

From: Gísli Guðni Hall
Sent: mánudagur, 3. apríl 2017 15:15
To: Kjartan Bjarni Björgvinsson <kjartan.bjorgvinsson@rna.is>; kjartan.bjorgvinsson@domstolar.is
Subject: Ósk um aðgang að gögnum

Sæll Kjartan,

Ég vísa til samtals okkar fyrr í dag og óska eftir, fyrir hönd Ólafs Ólafssonar, aðgangi að gögnum rannsóknarnefndar Alþingis er þú stjórnari og skilaði af sér skýrslu í síðastliðinn miðvikudag. Í samtali okkar kom fram að í vinnslu sé að afhenda gögn nefndarinnar til Þjóðskjalasafns Íslands.

Samkvæmt lögum um opinber skjalasöfn nr. 77/2014, sem Þjóðskjalasafn fellur undir, að það er heilmikill prósess að fá aðgang að gögnum sem þar eru varðveitt, meginreglan er að það sé ekki unnt fyrir en eftir 30 ár og þá að uppfylltum skilyrðum. Einhverjar heimildir eru til að fá aðgang fyrir en það er samkvæmt undantekningarreglum og það ferli vafalaust einhvern tíma.

Ég lít svo á að a.m.k. þar til nefndin hefur skilað af sér gögnunum til Þjóðskjalasafns hafi hún heimild til að veita einstaklingi, sem hagsmuna hefur að gæta, gögnin, rétt eins og hún hefur þá heimild meðan hún er að störfum við vinnslu skýrslunnar, og ég minni á að beiðni um aðgang að gögnum kom fram á þeim tíma.

Ég legg því áherslu á að fá umræddan aðgang núna, áður en nefndin skilar af sér.

Gögn, sem sérstaklega er óskað eftir, eru öll gögn er varða félögin Welling & Partners, Serafin Shipping Corp. og Marine Choice, þ.m.t. stofngögn, gögn um félögin og samninga sem þau gerðu og fjallað er um í skýrslu rannsóknarnefndar.

Ef nánari upplýsinga eða rökstuðnings er þörf vegna þessarar beiðni, t.d. varðandi hagsmuni umbjóðanda míns, þá óskast það upplýst þannig að unnt verði að bæta úr því.

Virðingarfyllst,
Gísli Guðni Hall, hrl.